



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURÐUR

16. mars 2020

Mál nr. E-2186/2019

Stefnandi: Allrahanda GL ehf.

(Atli Björn Þorbjörnsson lögmaður)

Stefndi: Isavia ohf.

(Stefán Geir Þórisson lögmaður)

Dómari: Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur mánudaginn 16. mars 2020 í máli nr. E-2186/2019:

Allrahanda GL ehf.

(Atli Björn Þorbjörnsson lögmaður)

gegn Isavia ohf.

(Stefán Geir Þórisson lögmaður)

I. Kröfur aðila

Mál þetta var þingfest 13. júní 2019 og tekið til dóms 12. mars sl. að lokinni aðalmeðferð málsins. Stefnandi, Allrahanda GL ehf., Klettagörðum 4 í Reykjavík, krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda, Isavia ohf., Reykjavíkflugvelli, á fjártjóni hans, sem leiddi af því að stefndi sleit leigusamningi aðila um auglýsingarými áður en leigutími var liðinn. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Stefndi krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi en til vara að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Með úrskurði, dags. 5. september 2019, hafnaði dómurinn kröfu stefnda um frávísun málsins að svo stöddu.

II. Málavextir

Tildrög þessa máls má rekja til leigusamnings um auglýsingarými sem félagin Allrahanda GL ehf., stefnandi í þessu máli, og stefndi Isavia ohf., undirrituðu í maí 2017. Með samningnum var kveðið á um að stefndi myndi auglýsa þjónustu stefnanda á stafrænum skjá í komusal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Leigutíminn samkvæmt samningnum var frá 1. júní 2017 og gildi samningurinn til 31. maí 2018.

Þann 27. febrúar 2018, sendi starfsmaður stefnanda tölvupóst til stefnda. Í tölvupóstinum bað starfsmaðurinn um að auglýsingum yrði skipt út og nýtt myndband sett á „töskuböndin“ og ný auglýsing sett á skjáinn í komusalnum. Starfsmaður stefnda, svaraði póstinum þann 28. febrúar 2018 og tilkynnti stefnda um að ákveðið hefði verið að taka skjáinn út úr hefðbundnum auglýsingapakka stefnda frá og með 1. mars 2018.

Í framhaldinu sendi lögmaður stefnanda bréf til stefnda, dags. 9. mars 2018, þar sem þess var krafist að auglýsingar hæfust að nýju á tilgreindum skjám í komusal flugstöðvarinnar.

Áskildi stefnandi sér jafnframt rétt til þess að krefjast skaðabóta vegna tjóns sem hann hefði þegar orðið fyrir og myndi fyrirsjáanlega verða fyrir ef stefndi léti ekki af háttalagi sínu.

Með tölvupósti yfirlögfræðings stefnda til lögmanns stefnanda, dags. 23. mars 2018, var stefnanda tilkynnt að öllum almennum auglýsingum yfir sölubásunum í komusál hefði verið hætt. Þar var jafnframt hafnað kröfu stefnanda um að hefja að nýju auglýsingar á skjám yfir sölubásunum/töskuböndnum og bótaskyldu stefnda. Í bréfinu er tilgreint að stefnanda standi til boða að auglýsa í staðinn á öðrum skjám í flugstöðinni út leigutíma eða fá hlutfallslega endurgreiðslu leigu fyrir mars til maí 2018.

Í kjölfarið sendi stefnandi stefnda bréf þann 28. mars 2018 þar sem stefnandi sagði endurgreiðslu á leigufjárhæð engin áhrif hafa á tjón sitt og skaðabótaskyldu stefnda. Þá var óskað eftir því að stefndi aðhæfist og yrði við kröfum stefnanda, ella myndi hann leita réttar síns.

Lögmaður stefnda svaraði lögmanni stefnanda með tölvupósti, dags. 15. maí 2018, þar sem hann hafnaði öllum kröfum stefnanda og tiltók að hann ætlaði að hafa samband síðar sama dag og gera tilraun til þess að leysa málið.

Fyrirsvarsmaður stefnanda, Þórir Garðarsson, gaf aðilaskýrslu í málinu. Þórir bar í aðilaskýrslu sinni að hann hefði greitt samtals 6.310.972 kr. til starfsmanna í mars til að halda á skiltum stefnanda til þess að bæta upp fyrir missi auglýsingarinnar, og síðan 7.004.244 kr. í apríl og 6.249.327 kr. í maí 2018. Aðspurður um hvort þessir 12 einstaklingar sem nafngreindir væru í skjalinu hafi einungis unnið við það að halda á skiltum kvað Þórir svo vera. Þá kvað Þórir að tekjur stefnanda hefðu dregist saman þrátt fyrir þessar ráðstafanir.

Þá kom kom fyrir dóminn Guðrún Þórisdóttir, markaðsstjóri stefnanda, en í skýrslu kom fram að hún væri dóttir Þóris fyrirsvarsmanns stefnanda. Aðspurð um hvort það hefði komið að gagni að setja upp auglýsingu á öðrum stöðum eins og stefndi hefði boðið stefnanda í kjölfar þess að birtingu auglýsingar á skjá í komusál var hætt sagði Guðrún að þær auglýsingar hefðu ekki getað haft sambærileg áhrif. Því hefði verið nauðsynlegt að ráða starfsmenn. Guðrún sagði í skýrslu sinni að starfsmennirnir sem um ræðir hefðu að mestu leyti haldið á skiltum en þeir hefðu einnig aðstoðað farþega. Þá kom einnig fyrir dóminn Guðrún Jóna Árnadóttir, starfsmaður stefnanda, og Hlynur Sigurðsson og Gunnhildur Erla Vilbergsdóttir, starfsmenn stefnda.

III. Málsástæður aðila

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að stefndi hafi slitið leigusamningi aðila áður en leigutími var liðinn með sagnæmum og ólögumætum hætti og það hafi valdið stefnanda tjóni sem stefnda beri að bæta á grundvelli almennu sakarreglunnar. Telur stefnandi að beita beri ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994, eftir atvikum með lögjöfnun, við úrlausn málsins, sbr. 58. gr. laganna. Þar sé lögfest sú meginregla leiguréttarins að tímabundnum leigusamningi verði ekki slitið á umsömdum leigutíma nema á grundvelli sérstakra atvika eða aðstæðna sem

tilgreind skulu í leigusamningi. Hins vegar séu hvorki atvik eða aðstæður sem slitum kynni að valda eru tilgreind í leigusamningi. Þegar af þeirri ástæðu er ljóst að óheimilt var að slíta honum.

Þá hafi stefndi auk þess ekki vísað til atvika eða aðstæðna í leigusamningi eða vanefnda á honum til stuðnings ákvörðun sinni um að slíta leigusamningi aðila fyrir lok leigutíma. Einungis hafi verið vísað til almennrar ákvörðunar stefnda að hætta með auglýsingar í komusal flugstöðvarinnar án þess að fyrir þeirri ákvörðun hafi verið færð sérstök rök.

Stefnandi telur að ákvörðun stefnda hafi því verið óheimil. Ákvörðunin hafi enn fremur leitt til tjóns fyrir stefnanda vegna minni viðskipta. Þannig hafi stefnandi þurft að grípa til þess ráðs að bæta við starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli sem halda á skilti til þess að vekja athygli á starfsemi sinni í stað þess stafræna auglýsingaskiltis sem áður var fyrir hendi. Farþegar komi á öllum tímum sólarhrings, alla daga vikunnar og hafi starfsmaður því þurft að vera á svæðinu í a.m.k. 22 klukkustundir á sólarhring alla daga vikunnar. Í því felist að í stað auglýsingar fyrir 246.000 kr., sem stefndi bannaði í trássi við samning aðila og lög, hafi stefnandi þurft að manna tæplega 4 stöðugildi á Keflavíkurflugvelli sem staðgönguráðstöfun. Hvert stöðugildi kosti ekki undir kr. 600.000.

Stefnandi styður kröfur sínar við almennar reglur og telur augljóst að brot stefnda gegn leigusamningnum hafa falið í sér saknæma og ólögmeða háttsemi sem leitt hafi til tjóns stefnanda sem stefndi sá eða mátti sjá fyrir. Stefnda hafi borið að hegða sér í samræmi við þær kröfur sem leigusamningurinn lagði á herðar honum, enda hafi ekki verið bent á nokkrar lögmætar ástæður sem réttlætt gátu slit hans fyrir lok leigutíma.

Stefnandi telur háttarni stefnda hafa haft það í för með sér að stefnanda sé torveldað að auglýsa þjónustu sína í komusalnum á Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Stefnda hafi verið fullljóst að skjáir í komusalnum voru nauðsynleg leið stefnanda til að auglýsa þjónustu sína, en framangreindar staðgönguráðstafanir sem gripið hafi verið til og séu þær einu sem stefndi hefur ekki bannað, séu margfalt kostnaðarsamari og síður skilvirkar. Eðli máls samkvæmt sé komusalurinn mikilvægasti staðurinn í flugstöðinni fyrir auglýsingu á þeirri þjónustu sem stefnandi veitir. Stefndi hafi því gert stefnanda bæði erfiðara og kostnaðarsamara um vik varðandi það að auglýsa þjónustu sína, þvert á samningsskyldur sínar.

Af hálfu stefnanda er vísað til þess að samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar sé það í senn nauðsynlegt og nægjanlegt skilyrði þess að viðurkenningarkrafa um skaðabætur nái fram að ganga, að sýnt sé fram á að líkur séu á því að bótaskyld tjón hafi átt sér stað og í hverju það var fólgið. Í því sambandi vísar stefnandi til þess að ákvörðun stefnda að slíta leigusamningi aðila áður en leigutíma lauk hafi leitt til verulegs tjóns fyrir stefnanda, sem hafði bæði látið útbúa auglýsingaefni í öndverðu til birtingar í komusalnum og að nýju rétt áður en auglýsingasamningnum var sagt upp í trássi við lög. Stærstur hluti tjóns stefnanda liggja þó í því að annars vegar nýti færri farþegar sér þjónustu hans eftir að hvata auglýsingarinnar nýtur ekki lengur við og hins vegar í því að stefnandi hafi þurft að grípa til kostnaðarsamra staðgönguráðstafana með því að hafa nær öllum stundum starfsmann á staðnum með kynningarspjald í höndunum. Mánaðarlegur kostnaður, sem hljótist af þessari nauðsynlegu ráðstöfun, sé því sem þegar er rakið nærri 2,4 mkr. á meðan greiðslur samkvæmt

auglýsingasamningnum hafi numið 246.000 kr., auk virðisaukaskatts við undirritun leigusamnings (bundið vísitölu neysluverðs). Tjón stefnanda sé því í senn augljóst og verulegt.

Stefnandi byggir á því að orsakatengslin milli hinnar bótaskyldu háttsemi sem að framan er rakin og tjóns hans séu augljós. Stefndi hafi torveldað honum að auglýsa þjónustu sína í komusal á eina alþjóðlega flugvellinum á Íslandi og það hafi leitt til bæði beins og afleidds tjóns eins og lýst hefur verið. Stefnandi hafi árangurslaust krafist rétttra efnda samkvæmt leigusamningi aðila, en stefnandi hafi alfarið hafnað því auk þess að hafna bótaskyldu. Stefnandi sé því nauðbeygður til þess að höfða mál þetta til þess að fá leiðréttingu sinna mála

Málsástæður og lagarök stefnda varðandi frávísun

Krafa stefnda um frávísun er á því byggð að tjón stefnanda sé með öllu ósannað. Stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn um meint fjártjón. Hann staðhæfi í stefnunni að það að hann hafi ekki notið auglýsingarinnar á skjánum í tiltekinn tíma hafi leitt til minni viðskipta fyrir hann án þess að leiða neinum líkum að því eða leggja fram neina sönnun þess efnis. Þá sé fullyrt í stefnunni að stefnandi hafi þurft að grípa til þess ráðs að bæta við starfsmönnum til að halda á skilti til að vekja athygli á starfseminni. Hafi það í raun og veru átt sér stað er um ólöglega háttsemi af hálfu stefnanda, miðað við reglur um auglýsingar í flugstöðinni. Engin sönnunargögn eru lögð fram um að starfsfólk stefnanda hafi á ólöglegan hátt staðið með skilti komusal flugstöðvarinnar. Hvað sem því líður þá geti stefnandi ekki einhliða tekið ákvörðun um að ráða starfsfólk til hvort heldur er löglegra eða ólöglegra auglýsingastarfa og krafist svo stefnda um laun þessi í formi skaðabóta. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að auglýsingin á skjánum hafi fært honum neinar tekjur. Engin sönnun eða mæling sé lögð fram um það hvort þessi tiltekna auglýsing hafi skilað stefnanda tekjum eða að tekjur hafi minnkað þegar hún var ekki lengur til staðar.

Stefndi telur stefnanda ekki hafa gert neina grein fyrir eða lagt fram sönnun um að meint tjón hans stafi af því að hann hafi ekki getað auglýst þjónustu sína á tilteknum skjá í komusal flugstöðvarinnar. Þannig sé hvorki grein fyrir því gerð að orsakatengsl séu milli meints fjártjóns stefnanda og meintrar bótaskyldrar háttsemi stefnda. Fyrir því séu hvorki gögn eða sýnt fram á það að öðru leyti að uppfyllt séu bótaskilyrði um orsakatengsl eða sennilega afleiðingu. Ef stefnandi hefði sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir fjártjóni á umræddu tímabili megi leiða að því líkum að það sé ekki sökum þess að umræddur auglýsingasamningur var ekki efndur heldur sökum þess að viðkomandi hlaut í fyrrgreindu útboði ekki áframhaldandi rekstrarleyfissamning í flugstöðinni.

Stefndi vísar einnig til þess að engin mæling eða gögn liggi fyrir um það hvað þessi tiltekni auglýsingaskjár hafi gert fyrir markaðsstarf stefnanda. Ekki sé sýnt fram á það af hálfu stefnanda að fráhrarf auglýsingarinnar á skjánum í komusal flugstöðvarinnar hafi valdið því að hann hafi selt færri framiða. Þá hafnaði stefnandi því að auglýsa annars staðar í flugstöðinni eins og honum stóð til boða og þar með að minnka meint tjón sitt. Enn fremur muni flestir flugfarþegar sem lendi á Keflavíkurlflugvelli vera búnir að kaupa sér fariða frá flugstöðinni áður en þeir koma í komusal flugstöðvarinnar.

Hvað sem því líður var stefnanda í lófa lagið að leiða einhverjum líkum að tjóni sínu eins og t.d. með því að leggja fram í málinu gögn með upplýsingum um sölutölur sem sýndu fram á minni farmiðasölu. Þess ber þó að geta að jafnvel þó stefnandi gæti/hefði lagt fram slík gögn þá gætu sveiflur í sölu á farmiðum stefnanda átt rætur sínar að rekja til allt annarra ástæðna en þeirrar að hann hætti að auglýsa á þessum tiltekna skjá. Alkunna er að sölusveiflur fyrirtækja og breytingar á sölu og tekjum geta stafað af gríðarlega fjölbreyttum ástæðum. Þá eiga markaðsaðgerðir fyrirtækja sér gjarnan stað á mörgum stöðum í einu.

Stefnandi telur að málatilbúnaður stefnanda uppfylli ekki kröfur 80. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, og því beri að vísa málinu frá dómi. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á lögvarða hagsmuni af því að fá dómkröfu sína tekna til greina. Dómkrafan sé vanreifuð enda hafi stefnandi ekki gert þá grein fyrir kröfu sinni og sönnunargögnum um hana í stefnu sem áskilið er í .

III. Niðurstaða.

Krafa stefnanda í málinu er að viðurkennd verði bótaábyrgð stefnda vegna beins tjóns sökum þess að stefndi tók niður auglýsingu á stafrænum skjá í komusal Flugstöðvar Eiríkssonar 1. mars 2018. Í stefnu málsins er byggt á því að stærstur hluti tjóns stefnanda hafi annars vegar legið í því að færri farþegar nýttu sér þjónustu hans eftir að auglýsingarinnar naut ekki lengur við. Þá kveðst stefnandi hafa þurft að grípa til kostnaðarsamra staðgönguráðstafana í kjölfar brotthvarfs auglýsingarinnar með því að hafa nær öllum stundum starfsmann á vettvangi með kynningarspjald í höndunum. Ber stefnandi að mánaðarlegur kostnaður af þessari ráðstöfun hafi verið nærri 2,4 milljónir króna þar sem manna hafi þurft sex stöðugildi í þessu skyni en greiðslur samkvæmt auglýsingasamningi hafi einungis numið 246.000 kr. mánuði. Einnig hefur stefnandi um tjón sitt vísað til þess að hann hafi haft kostnað við að láta útbúa auglýsingaefni í öndverðu til birtingar í komusal og að nýju rétt áður en stefndi sagði upp samningi aðila.

Áskilnaður 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um lögvarða hagsmuni hefur í fjölmörgum dómum Hæstaréttar verið skýrður á þann veg að sá er höfðar mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni, gera grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við atvik máls.

Eins og áður greinir hafnaði dómurinn kröfu stefnanda um frávísun málsins með úrskurði 5. september 2019. Í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu sem dómurinn veitti munnlega og færði auk þess til bókar í þingbók vísaði dómari til þess gagnaöflun stefnanda hefði ekki verið lýst lokið fyrir héraðsdómi þegar málið var tekið til úrskurðar um frávísunarkröfu stefnda. Vísaði dómari til þess að þótt stefnandi hefði ekki lagt fram í málinu ítarleg gögn um ætlað fjártjón sitt, nyti hann heimildar 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 til að sækja málið á þann hátt sem hann gerði með kröfu sinni. Að mati dómsins yrði að svo stöddu ekki litið svo á að reifun stefnanda á kröfu sinni eða sönnunarfærslu hans væri það áfátt að ekki væri unnt að bæta úr því undir áframhaldandi rekstri málsins eftir því sem efni stæðu til.

Að því er varðar þann þátt málatilbúnaðar stefnanda sem skilja má á þann veg að hann eigi rétt til skaðabóta vegna kostnaðar við að útbúa auglýsingunna sem sett var á fyrrnefndan skjá í komusal þá telur dómurinn stefnanda hvorki hafa sýnt fram á í hverju tjón hans að þessu leyti hafi verið fólgið né gert grein fyrir því hver tengsl þess séu við hina ætluðu

skaðabótaskyldu háttsemi. Stefnandi hefur ekki lagt fram neina reikninga vegna þess kostnaðar sem hann kann að hafa borið vegna gerðar auglýsingaefnis, kvittanir eða aðrar staðfestingar á því að hann hafi innt greiðslur af hendi til annarra.

Hvað varðar þær málsástæður stefnanda að viðskipti hans hafi dregist saman eftir að birtingu auglýsingar var hætt þá hefur stefnandi hvorki lagt fram gögn í að sýna fram á tjón sitt í þessu skyni né til að sýna fram á hvaða orsakasamhengi væri milli brotthvarfs auglýsingarinnar og samdráttar í rekstri. Þá skortir enn fremur gögn af hálfu stefnanda sem varpa ljósi á hvers vegna auglýsingar á öðrum stöðum í flugstöðinni sem stefndi bauð honum hefðu ekki skilað honum sama árangri og hvort og þá hvaða brotthvarf auglýsingarinnar hafði sjálfstæð áhrif umfram það að missa rekstrarleyfissamning.

Víkur þá að þeirri málsástæðu stefnanda að hann hafi beðið tjón við að ráða starfsmenn vegna brotthvarfs auglýsingarinnar. Hefur stefnandi til stuðnings þessari málsástæðu lagt fram yfirlit um greidd laun og launatengd gjöld alls 13 starfsmanna svo og launaseðla. Hvað þetta atriði varðar þá telur dómurinn að stefnandi hafi ekki sýnt fram á með fullnægjandi hætti að ráðningar allra þessara starfsmanna hafi verið nauðsynlegar vegna brotthvarfs auglýsingarinnar. Þannig hefur af hálfu stefnanda ekki verið gerður nægilegur reki að því að renna stoðum undir fullyrðingar hans um tjón sitt og orsakasamhengi um þetta atriði, frekar en um aðra tjónspætti sem fyrr eru nefndir, eftir atvikum með því að afla matsgerðar. Enn fremur bera gögn málsins ekki vitni um að umræddir starfsmenn hafi allir verið gagnert ráðnir til að halda á skiltum með auglýsingum til að bregðast við brotthvarfi auglýsingar af skjá.

Að virtum málalíbúnaði stefnanda í heild verða ekki leiddar nægilegar líkur af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu hvort vanefndir stefnda á samningi aðila falið í sér tjón fyrir stefnanda á þeim tíma sem atvik málsins áttu sér stað. Í því sambandi verður sérstaklega benda á að aðilaskýrsla af hálfu fyrirsvarsmanns stefnanda og vitnaskýrslur starfsmanna hans, sem eðli málsins samkvæmt hafa takmarkað sönnunargildi, sbr. 59. gr. laga nr. 91/1991, geta ekki rennt fullnægjandi stoðum undir kröfu stefnanda að þessu leyti. Samkvæmt framangreindu hefur stefnandi ekki sýnt fram á umfang hins meinta tjóns svo talið verði að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að leita viðurkenningardóms um skaðabótaskyldu stefnda samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Af þeim sökum verður að telja mál stefnanda svo vanreifað þannig að ekki verði komist hjá því að vísa málinu frá héraðsdómi. Eftir þessari niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnandi dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað, sem þykir miðað við umfang málsins og skýrslutökur aðila fyrir héraðsdómi, hæfilega ákveðinn 996.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli stefnanda Allrahanda GL ehf. gegn Isavia ohf. er vísað frá dómi.

Stefnandi greiða stefnda 996.000 krónur í málskostnað.

Kjartan Bjarni Björgvinsson (sign)